

ÞINGEYJAR SVEIT

**HVAÐ ER AÐ
FRÉTTA?**



JANÚAR 2024

Goðafoss. Ljósmynd: KIP

BOLLALEGGINGAR SVEITARSTJÓRA

Nú lítur dagsins ljós fyrsta fréttabréf Þingeyjarsveitar. Er það von okkar sem að fréttabréfinu standa að það veiti íbúum innsýn í þau fjölbreyttu verkefni sem sveitarfélagið sinnir og verði til upplýsingar fyrir íbúa um málefni liðandi stundar. Stefnt er á að fréttabréfið komi út mánaðarlega.

Það er ánægjulegt að stöðug fjölgun íbúa var allt síðasta ár. Í upphafi ársins 2023 voru íbúar 1391 og 1. janúar sl. voru íbúar 1474. Hafði íbúum fjölgað um 83 eða um tæp 6%. Fyrirsjáanlegt er íbúum haldi áfram að fjölga í sveitarfélaginu enda mikill kraftur og uppbygging fyrirhuguð, m.a. með stækkun Jarðbaðanna og Þeistareykjavirkjunar.



**Ragnheiður Jóna
Ingimarsdóttir**
Sveitarstjóri

Eitt stærsta stefnumótunarskjal sveitarstjórnar er fjárhagsáætlun. Áætlunin var samþykkt á fundi sveitarstjórnar þann 14. desember sl. og er aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins. Nýverið var haldinn kynningarfundur um fjárhagsáætlunina. Var þessi fundur liður í því að miðla upplýsingum til íbúa um fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og gafst kostur á að spyrja kjörna fulltrúa spjörum um úr. Kynningarefni frá fundinum eru nú aðgengilegt á heimasíðu sveitarfélagsins.

Unnið er að gerð nýrrar heimasíðu fyrir sveitarfélagið sem mun bæði bæta upplýsingagjöf og auðvelda samskipti íbúa við stjórnarsýsluna. Með nýju síðunni skapast ýmsir möguleikar í miðlun upplýsinga. Sem dæmi má nefna öflugt viðburðadagatal þar sem viðburðahaldarar geta skráð sína viðburði. Með nýjum samstarfssamningi við Mývatnsstofu, sem fjallað er um hér í fréttabréfinu, skapast ný tækifæri á markaðssetningu viðburða af heimasíðu sveitarfélagsins. Hjálpumst að við að vekja athygli á fjölbreyttu menningar- og mannlífi í Þingeyjarsveit!

VIÐBURÐIR Á NÆSTUNNI



Þorrablót

3. feb: Þorrablót Aðaldæla, Fnjóskdæla og Reykdæla.
17. feb Þorrablót Ljósvefninga.



Vetrahátíð við Mývatn

Vetrahátíð við Mývatn, hátíð Þingeyjarsveitar verður haldin dagana 1.–10. mars og fer fram víðsvegar um sveitarfélagið. Þessi hátíð samanstendur af margvíslegum vetraríþróttum, keppnum, viðburðum og vetrardagskrá fyrir alla fjölskylduna. www.vetrahaticid.com

Fylgstu með viðburðardagatalinu inni á thingeyjarsveit.is

UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDASVIÐ

Íbúum Þingeyjarsveitar fjölgaði um 83, eða um tæp 6% árið 2023. Íbúar er nú 1474 talsins og búist við áframhaldandi fjölgun.

UPP UPP OG ÁFRAM

Í desember fékk sveitarfélagið afhent fjórar nýjar íbúðir, tvær í Reykjahlíð og tvær á Laugum. Íbúðirnar í Reykjahlíð eru báðar fjögurra herbergja raðhúsaíbúðir, 116,9 m². Íbúðirnar á Laugum eru í eigu Leiguíbúða Þingeyjarsveitar og eru tveggja herbergja, 66,7 m². Vegna uppsafnaðrar húsnæðisparfar og í takti við áframhaldandi fjölgun í sveitarfélaginu ætlar sveitarstjórn að skoða fýsileika þess að fara í samstarf við Leigufélagið Bríeti um áframhaldandi uppbyggingu og rekstur íbúða í sveitarfélaginu. Fljótlega munu tvær íbúðir í eigu Bríetar við Lautarveg á Laugum fara í útleigu. Jarðböðin eru með 5 íbúðir í byggingu sem er áformað að verði til nú á fyrri helmingi ársins og 3 íbúðir til viðbótar sem verða til á næsta ári.



Ragnheiður Jóna, Brynleifur Siglaugsson og Gerður Sigtryggsdóttir

SUÐUPOTTUR Á LAUGUM

Framkvæmdir við Seiglu, nýtt stjórnsýsluhús sveitarfélagsins eru á áætlun. Unnið hefur verið að uppsteypu á lyftustokk og útboð í framkvæmdir innanhúss stendur nú yfir. Verklök eru áætluð þann 1. ágúst. Í Seiglu verður skrifstofa stjórnsýslunnar og skrifstofuaðstaða til útleigu fyrir minni fyrirtæki, stofnanir og einyrkja. Spennandi suðupottur atvinnulífs að myndast!

ÞINGEYJARSVEIT EFTIR 20 ÁR

Í janúar voru haldnir þrjú kynningarfundir á vinnslutillögu nýs aðalskipulags. Fundirnir voru vel sóttir, góðar umræður sköpuðust og margar afar gagnlegar ábendingar komu fram. Frestur til að gera athugasemdir við vinnslutillöguna hefur verið framlengdur til og með 5. febrúar 2024. Umsagnir skulu berast inn á skipulagsgátt eða á netfang skipulagsfulltrúa skipulag@thingeyjarsveit.is

VÆNT SEM ER GRÆNT

Skrifstofa sveitarfélagsins vinnur nú að innleiðingu Grænna skrefa. Verkefninu er ætlað að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi og efla umhverfisvitund starfsmanna. Starfsmenn eru ánægðir með framtakið og taka virkan þátt í innleiðingunni.

HÚSNÆÐISÁÆTLUN 2024

Sveitarstjórn hefur samþykkt húsnæðisáætlun Þingeyjarsveitar 2024. Húsnæðismöguleikum þar sem hægt er að sinna störfum án staðsetningar fjölga bæði með tilkomu Gígs og með nýju stjórnsýsluhúsi á Laugum. Í takt við íbúapróun er þörf á fjölbreyttu húsnæði og uppsöfnuð íbúðapörf er talsverð. Stefna sveitarstjórnar er að lóðir fyrir íbúðir séu ætíð lausar til umsóknar sem og að bjóða fram lóðir í þéttbýli. Í nýju aðalskipulagi er gert ráð fyrir nokkrum nýjum byggingarreitum í sveitarfélaginu, einnig verða gerðar breytingar sem heimila byggingu fleiri íbúðarhúsa á lögbýlum.

FJÖLSKYLDUSVIÐ

NÝ FÉLAGSMIÐSTÖÐ

Nú er búið að opna félagsmiðstöð í Reykjahlíð, er hún staðsett í húsnæði íþróttamiðstöðvarinnar og hefur Myrra Leifsdóttir, verkefnastjóri æskulýðs-, tómsunda- og menningarmála, umsjón með starfinu. Boðið er upp á opið starf og tómsundir sem eru sniðnar eftir áhugasviði og þörfum þeirra barna og unglinga sem sækja staðinn. Lögð verður áhersla á að bjóða upp á uppbyggilegt tómsundarstarf sem styður við jákvæða sjálfsmynd, unglíngalýðræði og virkni. Einnig verður lögð áhersla á samvinnu og góð samskipti við foreldra, íþróttafélög, skóla og aðrar félagsmiðstöðvar. Félagsmiðstöðin er opin einu sinni í viku fyrir 7. – 10. bekk en mánaðarleg opnun verður fyrir 5. – 10. bekk.

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG



Pingeyjarsveit er aðili að verkefninu Heilsueflandi samfélag. Meginmarkmið er að styðja samfélög í að vinna með markvissum hætti að því að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa.

Búið er að stofna hópinn Heilsueflandi Pingeyjarsveit á facebook og við hvetjum íbúa til að ganga í hann og deila áfram! Upplýsingar um verkefnið verða settar þar inn og gaman verður að fylgjast með framgangi verkefnisins næstu mánuði.

FÉLAGSSTARF ELÐRI BORGARA

Félagsstarf eldra hefur farið vel af stað á árinu undir stjórn okkar góða starfsfólks og hefur starfið verið vel sótt. Starfsmaður fjölskyldusviðs hefur verið að skoða leiðir í að auka framboð hreyfingar sem nýtist eldri borgurum. Fjöl margar hugmyndir hafa komið fram sem unnið verður úr og nýlega var auglýst námskeið í vatnsleikfimi á Laugum.

GRUNNSKÓLALÍFIÐ

Skólastarf gengur vel og nú stendur yfir vinna um sameiginlegt skóladagatal skólanna í Pingeyjarsveit. Samstarf skólanna hefur aukist og sem dæmi má nefna að Reykjahlíðarskóli og Pingeyjarskóli eru með samkennslu í íþróttum og sundi á Laugum fyrir miðstig og unglíngastig.

TAKK JÓNAS

Um áramót lét Jónas Pétur Pétursson af störfum vegna aldurs, eru honum færðar þakkir fyrir góð störf í þágu sveitarfélagsins,



Jónas Pétur Pétursson

HITT OG ÞETTA

TÖKUM Á FLUG

Pingeyjarsveit og Mývatnsstofa undirrituðu á dögunum samstarfssamning til næstu þriggja ára. Samningurinn felur í sér að Mývatnsstofa tekur að sér að halda utan um markaðs-, upplýsinga- og kynningarmál sveitarfélagsins og markar samningurinn upphaf af kynningarátaki Pingeyjarsveitar.

Mývatnsstofa mun halda utan um vef- og samfélagsmiðla sveitarfélagsins, útbúa kynningar-efni fyrir væntanlega íbúa og fyrirtæki sem hafa áhuga á að koma með starfsemi á svæðið. Mývatnsstofa sinnir hagsmunagæslu, umræðuvöktun og tryggir að Pingeyjarsveit taki sífellt meira pláss í almennt umræðu um lífsgæði á Íslandi.



Úlla Árdal hjá Mývatnsstofu og Ragnheiður Jóna

RAMÝ VERÐI ÁFRAM Í MÝVATNSSVEIT

Byggðarráð sat fund með umhverfis- og samgöngunefnd vegna frumvarps um sameiningu þriggja stofnanna í nýja stofnun Náttúrufræðistofnun. Þar á meðal RAMÝ. Sveitarfélagið kom sjónarmiðum sínum á framfæri og lögð var áhersla á að starfsstöðin í Gíg við Mývatn verði eflid og þau störf sem hafa tilheyrt RAMÝ verði skilyrt í Mývatnssveit. Áður hafði sveitarstjórn sent inn umsögn um málið í samráðsgátt stjórnvalda sem og til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis. Hægt er að lesa umsagnirnar á vef samráðsgáttar og á vef Alþingis.

UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM LAGARELDI

Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar sendi inn umsögn um frumvarp til laga um lagareldi. Þar lagði sveitarstjórn m.a. áherslu á að skýrt sé með hvaða hætti eigi að koma í veg fyrir að strokufiskur komist í viðkvæm vistkerfi og hver beri skaðann svo hann komi ekki til með að lenda á bændum og landeigendum. Hægt er að lesa umsögnina á vef Alþingis.

SAMEIGINLEG FRAMTÍÐARSÝN

Stefnumótun í þeim málaflokkum sem vega þyngst í rekstri sveitarfélagsins er mikilvæg meðal annars til að skapa sameiginlega sýn á verkefnin og auka skilvirkni í starfseminni.

Á síðasta fundi sveitarstjórnar var samþykkt að fara í heildstæða stefnumörkun fyrir sveitarfélagið og sveitarstjóra falið að leita tilboða í verkið. Áður hafði sveitarstjórn samþykkt að fara í vinnu við stefnumörkun í ákveðnum málaflokkum s.s. menningarmálum, atvinnumálum og þjónustustefnu sem sveitarfélaginu ber að gera samkvæmt lögum. Í stefnumótunarvinnunni verður haft samráð við íbúa og haldnir íbúafundir þar sem lögð verður áhersla á að fá fram sjónarmið íbúa og hagsmunaaðila.

Vinna við skólustefnu Pingeyjarsveitar er á lokametrunum, auk þess er hafin vinna við mannauðs- og fræðslustefnu sveitarfélagsins.

LOF MÁNAÐARINS

Sindri Geir Óskarsson á Móum í Fnjóskadal sendir þorablótsnefndum sveitarfélagsins lof mánaðarins!

„Sendi hrós á þorablótsnefndir sveitarfélagsins fyrir að undirbúa og skipuleggja hin fjöldamörgu blót sveitarinnar. Þorablótin eru oftar en ekki hápunktur í skemmtanálfi sveitunganna og mikil vinna sem fer í að undirbúa þau. Takk!“

ÁTTU HRÓS?

Öll þekkjum við einhvern sem á skilið gott hrós, komdu þínu hrósi á framfæri á

thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is

ÞINGEYJARSVEIT STYÐUR ÞJÓÐARSÁTT

„Eitt stærsta hagsmunamál fyrir heimilin í landinu er verðstöðugleiki. Lækkun verðbólgu, stýrivaxta og ekki síður langtímavaxta skiptir miklu máli fyrir fjárhagslega afkomu fólks, fyrirtækja og sveitarfélaga. Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar styður þær fyrirætlanir, að lögð sé áhersla á langtímakjarasamninga með verðstöðugleika til lengri tíma að leiðarljósi.

Ef í burðarliðnum er þjóðarsátt um stöðugt verðlag, þar sem bæði launþegahreyfingar starfsmanna á almenna markaðinum og opinberra starfsmanna ganga í takt, þá er Þingeyjarsveit reiðubúin að leggja sitt af mörkum og endurskoða gjaldskrárhækkanir. Sveitarstjórn minnir jafnframt á að innan sveitarfélagsins eru einingar á borð við sorphirðu en lögum samkvæmt er gert ráð fyrir að slíkar einingar séu sjálfbærar og verða gjaldskrár að taka mið af því. Almenn hækkun á gjaldskrár Þingeyjarsveitar í fjárhagsáætlun 2024 er 7,5% sem tók mið að áætlaðri verðbólgu ársins 2023 og 2024. Þrátt fyrir samþykktu fjárhagsáætlun ársins 2024 lýsir sveitarstjórn Þingeyjarsveitar yfir vilja til að endurskoða gjaldskrárhækkanir, verði af þjóðarsátt.“ Bókun sveitarstjórnar 25. janúar.

FYLGDU
ÞINGEYJARSVEIT Á
INSTAGRAM OG
FACEBOOK



Skráðu þig á póstlistann

Skráðu netfangið þitt á póstlista Þingeyjarsveitar og fáðu sendar fréttir og tilkynningar í tölvupósti.

SKRÁ MIG

**Skráðu þig á póstlista
sveitarfélagsins á thingeyjarsveit.is
og fáðu allar fréttir sendar beint til
þín!**

Fréttabréf Þingeyjarsveitar 1. árg. 1. tbl.

Ritstj. og ábyrgðamaður: Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri

Umsjón: Mývatnsstofa - Úlla Árdal

Þingeyjarsveit, Kjarna á Laugum

Sími: 512 1800

Netfang: thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is